

Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð

**Félags- og tryggingamálaráðuneyti
mars 2009**

Inngangur

Stýrihópur um velferðarvakt hefur skilað áfangaskýrslu en efni hennar byggist meðal annars á starfi undirhópa er störfuðu á vegum stýrihópsins. Í áfangaskýrslunni kemur fram yfirlit yfir þá þætti sem huga þarf sérstaklega að svo hlúa megi sem best að fjölskyldum í landinu í kjölfar efnahagsþrenginganna. Þar kemur meðal annars fram að afleiðingar efnahagsþrenginganna eru einungis að litlu leyti komnar í ljós gagnvart einstaklingum og fjölskyldum enda þótt þær sé að merkja víða, svo sem umtalsvert atvinnuleysi (8,2%), skuldir heimilanna eru miklar og merkjanleg aukning í aðstoðarbeiðnum hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Í þessu sambandi er lögð áhersla á að horfa verður heildstætt á lausnir gagnvart fjárhagsvanda heimilanna svo til verði eins konar úrræðakeðja sem miðar að því að:

- a. hjálpa þeim sem eru í mestum vanda,
- b. aðstoða þá sem eru í áhættu og eru líklegir til að lenda í vanda og
- c. styðja við þá sem enn geta spjarað sig og geta með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda minnkað greiðslubyrði og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera.

Þá er tekið fram að huglægur vandi hefur komið í ljós hjá öllum kynslóðum sem birtist í óvissu og öryggisleysi.

Enn fremur hefur starfshópur félags- og tryggingamálaráðherra sem ætlað var að móta tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir til að sporna gegn atvinnuleysi skilað ráðherra fleiri tillögum, en starfshópurinn skilaði ráðherra einnig tillögum í lok janúar síðastliðnum.

Ríkisstjórnin hefur fjallað um tillögur stýrihóps um velferðarvakt og starfshóps um vinnumarkaðsaðgerðir og samþykkt meðfylgjandi aðgerðaáætlun um velferð.

Einstakar aðgerðir eru á ábyrgð þeirra ráðuneyta sem þar eru tilgreind. Munu ráðuneytin síðan meðal annars fela stýrihópi um velferðarvakt ásamt vinnuhópum hans nánari útfærslu og eftir atvikum framkvæmd og eftirfylgni með aðgerðunum.

Aðgerðir

Markvisst verði fylgst með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins á fjölskyldur í landinu í samvinnu við ýmsa aðila.

Stofnaður verði mótvægissjóður velferðarvaktarinnar og fé varið til:

- nauðsynlegra velferðarrannsókna,
- samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans og samstarfsaðila,
- að styðja starfsfólk sem vinnur með þeim sem verst hafa orðið úti í kreppunni,
- átaksverkefna fyrir tiltekna hópa sem efnahagsástandið hefur bitnað verst á og annarra nauðsynlegra verka.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

~ 0 ~

Sérfræðingar verða fengnir til að útbúa félagsvísa þar sem fylgst verður með ástandinu með reglubundnum hætti.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

~ 0 ~

Aðstæður ungra barnafjölskyldna verði kannaðar með reglubundnum hætti og staða barna almennt í íslensku samfélagi. Sérstaklega verði fylgst með stöðu barna í jaðarhópum, svo sem innflytjendabarna og barna í stjúpfjölskyldum.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

~ 0 ~

Fylgst verði með þátttöku barna í íþrótt- og tómsundastarfi og öllu skólasterfi, hvort sem er í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneytið.

~ 0 ~

Fylgst verði vel með hugsanlegu brottfalli nemenda úr leikskólum og framhaldsskólum og leitað samstarfs við viðeigandi aðila reynist brottfall úr skólum mikið.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneytið.

~ 0 ~

Kannað verði reglulega hvort breytingar verða á aðsókn að heilbrigðisþjónustu.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Aðgengi að velferðarþjónustu verði áfram gott.

Leitað verði leiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga til að tryggja að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

~ 0 ~

Tryggt verði áfram gott aðgengi barna og barnafjölskyldna að fagfólki og unnið að því að efla samvinnu heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á fjölskylduvinnu.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið.

~ 0 ~

Við mótun sparnaðartillagna í heilbrigðisþjónustu verði þess sérstaklega gætt að versnandi fjárhagur fólks hindri ekki aðgengi þess að heilbrigðisþjónustu.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

~ 0 ~

Mótaðar verði tillögur um hvernig haganlegast er fyrir heilsugæsluna að eiga frumkvæði að því að ná til þjónustuþega í áhættuhópum.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Skilvirk úrræði vegna skuldastöðu heimilanna.

Stjórnvöld bregðast við fjárhagslegum vanda heimila í landinu með markvissum hætti þar sem meðal annars er leitast við að tryggja einstaklingum sem eiga í greiðsluferfiðleikum virkari úrræði til að gera þeim kleift að endurskipuleggja fjármál sín eins og frekast er unnt. Eftirfarandi úrræði verði sérstaklega skoðuð:

- Greiðsluaðlögun.
- Staða skuldara bætt við gjaldþrotaskipti.
- Samræmd beiting greiðsluferfiðleikaúrræða gagnvart einstaklingum og heimilum sem eru í greiðsluferfiðleikum vegna fasteignaveðlána.
- Greiðslujöfnun gengistryggðra lána.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Mikilvægt að fólk eigi þess kost að vera virkt í samfélaginu þrátt fyrir atvinnuleysi.

Sérstaklega skal skoða aðstæður þeirra sem staðið hafa utan vinnumarkaðar og njóta þar með ekki réttar innan atvinnuleysistryggingakerfisins en eru engu síður í atvinnuleit. Mikilvægt er að tryggja virkni þessa hóps og tengsl við vinnumarkaðinn. Þar á meðal verði leitað allra leiða til að koma í veg fyrir að fólk án atvinnu eigi ekki afturkvæmt á vinnumarkaðinn til að sjá sér og sínum farborða.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

~ 0 ~

Menntamálaráðuneytið skal sérstaklega kanna:

- Hvort og þá hvernig unnt er að efla framboð á menntun bæði í formlega menntakerfinu og á sviði framhaldsfræðslu með það að markmiði að efla framboð í samræmi við þarfir atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni, auka samstarf og samræma starfsemi þessara aðila.
- Með hvaða hætti unnt er að tryggja námsmönnum á verknámsbrautum þá starfssamninga/námssamninga sem nauðsynlegir eru fyrir eðlilega framvindu námsins, svo sem með samningum við fyrirtæki um aðstöðu til verknáms.
- Hvort ekki megi auka námsframboð á framhaldsskólastigi og nýta verknámsaðstöðu framhaldsskólanna yfir sumartímamann til þess að tryggja virkni þeirra námsmanna sem ekki fá vinnu á komandi sumri 2009 en gætu hugsað sér að halda áfram námi.
- Hvort skólar á háskólastigi geti boðið upp á sumarnám í sama tilgangi.
- Með hvaða hætti unnt er að tryggja að framhaldsskólar verði í stakk búnir til að taka við öllum nemendum sem sækja um skólavist haustið 2009.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneytið.

Leitað verði leiða svo ungu fólki (18–25 ára) í sérstökum aðstæðum verði gert fjárhagslega kleift að stunda nám í framhaldsskóla.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

~ 0 ~

Samstarfi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á starfsendurhæfingarkerfinu verði hraðað eins og kostur er sem og innleiðing endurbættis kerfis. Þar á meðal endurskoðun almannatrygginga þar sem örorkumatskerfið og fyrirkomulag örorkulífeyris verði skoðað sérstaklega. Við innleiðingu endurbættis kerfis verði áhersla lögð á góða samvinnu þeirra aðila sem að málinu koma.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Þýðingarmikið að leita fjölbreyttra leiða til að skapa fleiri störf.

Við mótnun sparnaðartillagna stjórnvalda verði lögð áhersla á að verja störf hjá hinu opinbera og þá sérstaklega störf innan velferðakerfisins.

Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti.

~ 0 ~

Ríkisstofnanir og sveitarfélög verði sérstaklega hvött til að nýta sér þær fjölmörgu vinnumarkaðsaðgerðir sem starfræktar eru á vegum Vinnumálastofnunar, þar á meðal gerð starfsþjálfunarsamninga. Jafnframt verða þau sveitarfélög sem hafa til þess fjárhagslegan burð hvött til að ráðast í sérstök átaksverkefni á komandi mánuðum sem og að gera sér áætlanir um fjölda fyrirhugaðra ráðninga nýrra starfsmanna á komandi sumri 2009. Verði þau sérstaklega hvött til að skipuleggja vinnuskóla fyrir ungmenni eða önnur sambærileg úrræði, ráða til sín fólk með starfsmenntun en litla eða enga starfsreynslu í faginu í allt að sex mánaða starfsþjálfun sem og ungt fólk sem var að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði eða að hefja störf að nýju eftir nokkurt hlé á árinu 2008.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

~ 0 ~

Stofnanir og fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga sem hafa fjárveitingu til viðhalds húsnæðis á árinu 2009 verði hvött til að ráðast í viðhald sem kann að stuðla að sem mestri atvinnu, hvort sem um er að ræða fjölda starfa eða tímalengd verksins.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Í því skyni að sporna við svartri atvinnustarfsemi og gerviverktöku samhliða mikilli skuldsetningu heimila verði það hlutfall sem atvinnurekendum er skylt samkvæmt lögum að halda eftir af launum starfsmanna til greiðslu á sköttum og meðlögum lækkað tímabundið í 50% úr 75% þannig að starfsmaður haldi ávallt eftir a.m.k. helmingi launa sinna.

Ábyrgð: Fjármálaráðuneytið.

~ 0 ~

Opinberar stofnanir eða stjórnir sjóða sem veita styrki til atvinnulífsins verða hvött til að veita verkefnum sem hafa í för með sér fjölgun starfa meira vægi við afgreiðslu umsókna um styrki en önnur verkefni. Þannig megi tryggja fleiri störf en ella.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Félagasamtök og nærsamfélagið verða hvött til að taka að sér verkefni og sjálfbodaliðastarf í þágu samfélagsins.

Frjáls félagasamtök í samvinnu við stjórnvöld og sveitarfélögin stuðli að því sameiginlega að störf þriðja geirans og opinberra aðilar verði samræmd og skipulagðar markvissar aðgerðir svo félagsauðurinn verði nýttur sem best.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.